

Ráðherra, þingforsetar, kæru félagar !

Birgitte Nyborg er ekki sveitarstjórnarmaður. En mikið lífandis býsn væri hún vinsæl ef hún væri á hinu pólitíska sveitarstjórnarsviði með okkur hinum. Undanfarið hef ég átt í djúpum viðræðum, aðallega á kaffistofunni, um pólitískar lausnir frá Nyborg og ekki síður það hversu miklu betri pólitíkus hún væri heldur en þeir sem almenningur á að venjast. Hún Birgitte er nefnilega holdgervingur þess umhverfis sem við hrærumst í og ætli hún sé ekki einn af okkar aðal keppinautum um hylli íbúa þegar á hólminn er komið.

Hefðbundin samskipti við íbúa sem felast í fundum með löngum innlögnum stjórnámálmannanna eiga undir högg að sækja enda erum við þar í keppni við miklu skemmtilegra fólk um athyglina eins og Phil Dunphy í Modern family eða Söru Lund í Forbrydelsen, einstaklinga sem flestir eru bæði skemmtilegri og betur útlítandi en við.... Rétt eins og hún Birgitte í Borgen.

Lífleg og góð samskipti milli pólitískt kjörinna fulltrúa og þeirra sem veita þeim umboð eru hornsteinn lífþráðisþjóðfélags. Í stórum samfélögum geta þessi samskipti orðið snúin og erfitt getur reynst að eiga nauðsynlega orðræðu við hvern og einn kjósanda.

Sveitarfélögin er sú stjórnslueining sem íbúar hafa mest samskipti við, bæði vitandi og óafvitandi. Heimsóknir á bæjarskrifstofuna eru nú orðið sjaldnast til marks um tengsl bæjarbúa og sveitarfélagsins, heldur eru samskiptin svo miklu miklu víðar og á miklu fleiri sviðum.

Óformleg samskipti sem eiga sér stað víða í sveitarfélögum eru afar mikilvæg en þrátt fyrir það eru flestir sveitarstjórnarmenn meðvitaðir um að nýjar aðferðir eru nauðsynlegar til að nálgast íbúa og því hafa fjölbreyttar tæknilausnir víðast hvar verið teknar í notkun. Facebook / twitter. Rafræn fréttabréf, Rafrænar spurningakannanir, opnar íbúagáttir og beinar útsendingar frá fundum. Nýjar kynslóðir farsíma bjóða síðan uppá möguleika á fjölbreyttri útgáfu á Öppum sem nýst geta við samskipti íbúa og sveitarfélags. Allt hefur þetta sama markmið og það er að veita sem mesta og besta þjónustu. Vera í sem mestum tengslum.

Fáir hafa jafn yfirgripsmikið tengslanet og leggja jafn mikið á sig til að setja sig inní málaflokka eins og sveitarstjórnarmenn.

Því stingur það óneitanlega þegar fram á sjónarsviðið koma aðilar sem halda því fram að sveitarstjórnarmenn hafi ekki vit á hinu eða þessu atriðinu af því við erum ekki „fagmenn“ í viðkomandi geira.

Það er alveg rétt sveitarstjórnarmenn eru fæstir fagmenn á öllum sviðum. Enda eiga þeir ekki að vera það.

Ég hef stundum sagt að helstu eiginleikar sveitarstjórnarmannsins þurfi að vera:

góður skammtur af eðlisgreind og að þeir búi yfir reynslugreind í ríkulegum mæli.

þeir séu vel læsir í víðustu skilgreiningu þess hugtaks ... og að

þeim þyki vænt um annað fólk

Sá sem er gæddur þessum hæfileikum getur tekist á við þær áskoranir sem felast í því að vera sveitarstjórnarmaður.

Að sjálfsögðu eiga sveitarstjórnarmenn að hafa skoðun á þeim rekstrarþáttum sem lúta að starfsemi sveitarfélaganna og vera óhræddir við að tjá sig um þá. Þar á meðal um fráveitu, sorp, gatnagerð og ekki síst menntun og skólamál. Það er hreinlega hættulegt lýðræðinu ef halda á því fram að stjórnámálmenntun eigi ekki að hafa skoðun á þeirri starfsemi sem við veljum að leysa í sameiningu, borgararnir.

Það er hættulegt lýðræðinu ef við ætlum að láta embættismenn alfarið sjá um stefnumörkun, aðgerðir og úrlausnir á þeim forsendum að við hin „höfum ekki vit“ á málaflokknum.

Það er athyglisvert að heyra um samstöðu ríkis og sveitarfélaga í Danmörku í þeirri deilu sem þar á sér stað um vinnutímaskilgreiningu kennarastarfsins .

Það er auðvitað ekki skrýtið þó að við, rétt eins og aðrar Norðurlandþjóðir, fylgjumst grannt með hverju fram vindur í Danmörku enda er þar stefnt á róttækar breytingar. Breytingar sem settar eru fram með það að markmiði að bæta skólana.

Mér hefur fundist það mjög miður að umræðan um jafn veigamikinn hlut eins og skilgreiningu vinnutíma stærsta vinnustaðar hvers sveitarfélags skuli vera í þeim farvegi að hana sé varla hægt að ræða.

Það má varla minnst á það hvort að kennsluafsláttur eldri kennara sé með þeim hætti sem best er fyrir skólastarfið eða hvort að betra væri að reynslumeiri kennara verðu meiri tíma með nemendum og yngri kennarar sem eru að stíga sín fyrstu skref fengju meira svigrúm heldur en nú er.

Við megum varla orða það hvort eðlilegra sé að stjórnendur skóla geti skipulagt starfið útfrá aðstæðum á hverjum stað frekar en niðurnjörvuðum kjarasamningi.

Af því að við, sveitarstjórnarmenn, höfum ekki faglegan skilning á eðli skólastarfs að mati einhverra !

En á meðan fullkomin samstaða ríkir milli ríkis og sveitarfélaga í þessu máli í Danmörku, hvernig er staðan hér á landi? Öllum hugmyndum okkar sveitarstjórnarmanna um breytingar í skólakerfinu er fálega tekið af ráðuneytinu. Og það gildir ekki eingöngu um skólana heldur í mjög mörgum öðrum málaflokkum þar sem svo virðist að ríkisvaldið vilji vera eitt í liðinu.

Í stað þess að við nýtum okkur sameiginlegan slagkraft beggja stjórnsýslustiga þá erum við í stöðugum ágreiningi þar líka.

Ítrekað upplifum við algjört skilningsleysi ríkisvaldsins á stöðu sveitarfélaganna. Það er eiginlega sama hvar drepið er niður fæti.

Á meðan sveitarstjórnarmenn í Danmörku eru bakkaðir upp af ríkisvaldinu þá er fótur settur fyrir margar þeirra hugmynda sem sveitarstjórnarmenn leggja fram varðandi þjónustu sveitarfélaganna Einstaka sinnum læðist að manni sá grunur að ríkisvaldinu finnist sveitarstjórnarmenn vera fyrir.

En það má aldrei missa sjónar á því að sameiginlega bera ríki og sveitarfélög ábyrgð á uppbyggingu þess samfélags sem við búum í. Þess vegna er svo mikilvægt að við náum að byggja brýr. Brýr sem tryggja að ríki og sveitarfélög vinni saman. Að sveitarfélög og starfsmenn þeirra vinni saman að þeim

verkefnum sem fyrir liggja. Við þurfum í sameiningu að leggja grunninn að sveitarfélögum framtíðarinnar.

Alveg frá hruni hafa sveitarfélögin orðið að hagræða hvar sem þess hefur verið kostur, til þess að ekki þyrftu að koma til stórfelldar hækkaðar álögur á íbúa. Þetta hefur tekist vonum framar og er sérlega ánægjulegt að sjá hversu vel sveitarfélögum hefur tekist að vinna úr þeirri erfiðu stöðu sem upp kom.

Nýjar fjármálareglur hafa sett ramma sem ég tel að flestum finnist gott að vinna eftir. Með þeim eru settar skorður þannig að rekstrarlegar ákvarðanir verða á margan hátt einfaldari. Fjöldi sveitarfélaga hefur sótt sér utanaðkomandi ráðgjöf á sviði rekstrar og með því móti hefur rekstri sveitarfélaganna iðulega verið snúið til betri vegar.

Sveitarstjórnarmenn eru nefnilega ábyrgir vörslumenn almannaþjál og vilja standa eins góð skil á því verkefni og þeim er nokkur kostur.

Umræða um stærð sveitarfélaga sefur aldrei. Sveitarfélögin eru of mörg og of fámenn að mati margra.

Það fer alltof mikill tími í að ræða við alla þessa sveitarstjórnarmenn og ráðherrar og starfsmenn hafa svo margt annað brýnna að gera frekar en að ræða við sveitarfélögin!

Þetta viðhorf kristallaðist í undirbúningnum að yfirfærslu málefna fatlaðra þar sem draumstærð sveitarfélags, 8.000 íbúar, var búin til og okkur gert að útfæra málaflokkinn með tilliti til þessa. Þessi tala hefur aldrei haft neina þýðingu fyrir mér. Hvers vegna gat þetta ekki verið 6.000 eða 2000 eða einfaldlega - hvers vegna var ekki sveitarfélögunum gefið það frjálst að finna út úr því hvernig þau myndu vilja skipa sínu samstarfi um málaflokkinn?

Það hefði gefið mun betri raun heldur en þetta ofur flókna kerfi þar sem í sumum tilfellum allt að 13 sveitarfélög vinna saman með tilheyrandi flækjustigi hvað varðar kostnaðarskiptingu og þjónustu.

Lýðræðisleg áhætta felst síðan í því að embættismenn fái, í þessum stóru samvinnuverkefnum, alltof mikið vægi þar sem engum stjórnámálanum á hinu stóra samvinnusvæði finnst hann „eiga“ málaflokkinn. Þá getur maður spurt sig aftur - Fer lýðræðið halloka – hver er raunveruleg aðkoma íbúa ?

Íbúar vilja hafa eitthvað að segja um þau málefni sem að þeim snúa. Þeir vilja finna að þeir og þeirra samfélag skipti máli – að einhver sýni þeim áhuga.

Nú höfum við reynslu af risastórum kjördæmum sem saman velja fulltrúa til Alþingis. Að fenginni þeirri reynslu er ég jafn sannfærð og áður um það að hugmyndir um risastórar sameiningar sveitarfélaga jafnvel yfir heilu og hálfu landsfjórðungana er ekki það sem við þurfum á að halda hér.

Aftur á móti er ég jafnsannfærð um það að sameiningar munu verða á næstu árum en ekki af því að ríkisvaldið ákveður einhverja lágmarkstölu eða svæði heldur af því að heimamenn á hverjum stað munu sjá þá kosti sem felast í samvinnu og samstarfi.

Á næstunni munum við þurfa að svara spurningunni: Hvað er samfélag? Hvað er þjóðfélag? Hverjir eru þjónustubegar? Eru það eingöngu íbúar eða eru það líka ferðamenn og aðrir sem staldra styttra við?

Hér á eftir gefst okkur tækifæri til að ræða ítarlega saman í hópum um það hvernig við sjáum sveitarfélög framtíðarinnar fyrir okkur.

Við þurfum að ræða hlutverk landshlutasamtaka og breytt hlutverk sveitarstjórna þegar samvinnuverkefnum fjölgar.

Við þurfum að ræða stöðu sveitarfélaga á vinnumarkaði og samskipti ríkis og sveitarfélaga.

En fyrst og fremst þurfum við að láta hugann reika og sjá fyrir okkur hvernig þróunin verður til framtíðar litið.

Því ekki viljum við að um okkur verði sagt að hún Birgitte Nyborg hefði nú gert þetta allt betur og öðruvísi og það hefði nú verið meiri munurinn ...

Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar